

samræði við kæranda á tímabilinu frá 10 sept. til 29. nóv., sé hann sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann talinn faðir að barninu.

Föstudaginn 28. okt. 1932

Nr. 121/1931. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
 gegn

Bruno Ziehm (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. okt. 1932: Kærður, Brúno Ziehm, sæti 15100 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Senator Schröder, H C 65 frá Cuxhaven, skulu upptæk til sama sjóðs.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er í máli þessu sannað með mælingum yfirmanna á varðskipinu „Ægi“ og mörkun forstöðumanns stýrimannaskólans á sjókorti, framlögðu fyrir hæstarétti, á stað varðskipsins og báts frá því og stöðu togarans H. C. 65 „Senator Schröder“ frá Cuxhaven, að hann var að veiðum með botnvörpu þann 20. okt. f. á. í minna en 3 sjómílna fjarlægð, talið út frá beinni línu milli Reynisdranga, er takmarka Mýrdalsflóann að vestan, og Kötlutanga, er takmarka hann að austan, en sú lína er styttri en 10 sjómíliur. Hinn kærði skipstjóri á nefndum togarara, Bruno Ziehm, hefir því gerzt sekur um botn-

vörpuveiðabrot innan landhelgilínunnar, eins og hún var mörkuð á sjókortum fyrir 5. nóv. 1928, og varðar brotið við 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Ber að dæma hann til sektar fyrir það, samkvæmt 3. gr. nefndra laga, og þykir sektin hæfilega ákveðin, með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, samkvæmt lögum nr. 4/1924, sem nú er 57,03, 18000 kr., og skal greiða hana innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist hún með 7 mánaða einföldu fangelsi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Bruno Ziehm, greiði 18000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jón Ásbjörnssonar, 120 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Brúno Ziehm, skipstjóra á b.v. Senator Schröder, H. C. 65 frá Cuxhaven, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 1920 sbr. l. nr. 4, 1924, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Hinn 20. f. m. kl. um 10 f. hádegi var varðskipið Ægir á leið austur út af Vík í Mýrdal. Voru þar þá 8 togarar á veiðum, þar á meðal framangreint skip um hálfu sjómilu utan landhelgislinunnar. Hélt varðskipið síðan áfram austur með landi, en hann nam staðar undan Alviðruhömrum kl. 11,29 og voru togararnir þá úr auglýsni.

Klukkan 12,27 fór skipherrann af varðskipinu ásamt 2. stýrimanni sínum og þrem hásetum í vélbát frá varðskipinu vestur með landinu í áttina til togaranna. Klukkan 14,02 er b.v. Senator Schröder í auglýsni og er þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun mótorbátsins:

Endinn á Portlandi > 26° 04'

Hatta > 60° 25'

Hjörleifshöfði

er gefur stað bátsins rúmlega 0,3 sjómilu innan landhelgislinunnar. Þá var og samtímis mælt hornið milli togarans sem var í 2,5—3 sjómilna fjarlægð frá bátnum og Portlands, og mældist það 6°. Gefur þetta stað togarans um 0,85 sjóm. innan landhelgislinunnar eða innar en stað bátsins.

Sakir örðugra aðstæðna varð ekki komið að togaranum þá þegar, en haldið lengra vestur á bóginn og hélt togarinn þá samtímis skáhalt út frá landi.

Klukkan 17,26 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun í mótorbátnum.

Portlandsviti > 44° 46'

Hatta > 68° 08'

Hjörleifshöfði > 33° 35'

Togarinn Senator Schröder

er gefur stað bátsins 0,7 sjómilu innan landhelgislinunnar,

en stað togarans, sem þá var um 1 sjómílu frá bátunum 0,74 sjómílu innan landhelgislinunnar eða litlu innar. Hélt nú togarinn út frá landi, en síðan inn á við aftur. En klukkan 19, er togarinn var í þann veginn að snúa frá landi til stjórnborða, var varðskipsbátunum lagt upp að honum, sem þá var með stjórnborðsvörpu í sjó. Var síðan farið um borð í togarann og kærðum skipað að nema staðar og draga inn netið, sem hann og gerði. Meðan varpan var dregin inn, var bauja látin frá mótór-bátunum fast við afturstefni togarans og dýpi mælt um borð í togaranum 69 metrar.

Klukkan 19,40 var sett út bauja frá togaranum sem þá hafði hreyft nokkuð út á við og síðan gerð staðarákvörðun við hana kl. 20,52, er gaf stað baujunnar 0,37 sjómílu innan landhelgislinunnar.

Klukkan 22,06 var látin út önnur bauja frá varðskipinu rúmar tvær skipslengdir NV frá baujunni, sem vélbáturinn lét út hjá togaranum kl. 19,15 og var þá samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Portlandsviti	> 40° 55'
Hatta	> 71° 57'
Ak. Hjörleifshöfða	

og dýpi mælt 64 metrar, og gefur það stað baujunnar 0,62 sjómílu innan landhelgislinunnar.

Morgunin eftir voru síðan gerðar staðarákvarðanir við allar baujurnar þrjár, sem hér segir:

Klukkan 10,22 við bauju þá, sem varðskipið lét síðar bauju þá er látin var út hjá togaranum meðan hann dró inn netið:

Vk. Máfadrangs	> 22° 20'
Vestasti dr. við Reynisfjall	> 98° 21'
Arnardrangur	

og dýpi mælt 64 metrar, er gefur stað baujunnar 0,7 sjóm. innan landhelgislinunnar.

Klukkan 10,22 við bauju þá, sem varðskipið lét síðar út kvöldið áður:

Vk. Máfadrangs

> 23° 12'

Vestasti dr. við Reynisfjall

> 96° 51'

Arnardrangur

og dýpi mælt 62 metrar, sem gefur stað baujunnar 0,62 sjómílu innan landhelgislínu.

Klukkan 10,38 við bauju togarans:

Vk. Máfadrangs

> 24° 18'

Vestasti dr. við Reynisfjall

> 91° 55'

Arnardrangur

og dýpi mælt 69,5 metrar, sem gefur stað baujunnar 0,37 sjómílu innan landhelgislínu.

Allar framangreindar staðarákvarðanir voru gerðar með bestu tækjum og ávallt af tveimur eða þremur yfirmönnum varðskipsins samtímis, er allir hafa staðfest framangreindar mælingar og niðurstöður fyrir réttinum.

Kærður hefir játað, að hafa verið að fiska, er hann var tekinn og á tímabili því, er athuganir varðskipsins ná yfir, en hefir hinsvegar neitað, að hafa þá verið innan landhelgislinunnar.

Byggir kærður þetta á athugun, er hann kveðst sumpart sjálfur hafa gert og sumpart stýrimaður hans, meðan þeir togðu og síðan við bauju þá, er sett var út frá togaranum. En allar mælingar og miðanir kærða eru svo ónákvæmar og órökstuddar að niðurstöður þeirra verða að engu hafðar gegn athugunum varðskipsins, sem eins og að framan greinir, eru gerðar af æfðum mönnum með bestu tækjum.

Það verður því að telja sannað, að kærður hafi í skipi sínu „Senator Schröder“ verið að veiðum á landhelgisvæðinu undan Vík í Mýrdal hinn 20. þ. m. og þannig orðið brotlegur gegn 1. sbr. 3. grein laga nr. 5, 1920. Kærður hefir ekki svo kunnugt sé, verið refsað fyrir samskonar brot, og þykir refsing hans með hliðsjón af því, að íslenzka krónan jafngildir í dag 66,4 gullaurum, hæfilega ákveðin 15100 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektar-

innar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, þá skal og allur afli og öll veiðarfæri að meðtöldum dragstrengjum, um borð í togaranum H. C. 65, Senator Schröder frá Cuxhaven, upptæk til sama sjóðs.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 31. okt. 1932.

Nr. 74/1932. Ólafur Thors (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Gísla Guðmundssyni (Enginn).

Meiðyrði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. dez. 1931: Hin umstefndu ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Gísli Guðmundsson, greiði 200 króna sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfræstur er liðinn, 12 daga einfalt fangelsi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 15. júní þ. á., en er málið var þingfest 30. f. m. mætti stefndi ekki og enginn af hans hálfu, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, að ákvæði undirréttardómsins um ómerkingu meiðyrðanna verði staðfest, en að hin ídæmda refsing verði þyngd svo sem lög frekast leyfa, og að